

2021

ÁRSSKÝRSLA



SORPSTÖÐ SUÐURLANDS bs.

29. október 2021

Inngangur

Í þessari ársskýrslu Sorpstöðvar Suðurlands (SOS) fyrir starfsárið 2020 – 2021 er fjallað um störf stjórnarinnar og getið helstu verkefna á milli aðalfunda þann 30. október 2020 og 29. október 2021.

Skipan stjórnar

Í stjórn á tímabilinu voru:

Aðalmenn: Jón G. Valgeirsson, formaður, Anton Kári Halldórsson, varaformaður, Ingibjörg Kjartansdóttir, Arna Ír Gunnarsdóttir og Gísli Halldór Halldórsson.

Varamenn: Einar Bjarnason, Aldís Hafsteinsdóttir, Ágúst Sigurðsson, Helgi Sigurður Haraldsson og Álfheiður Eymarsdóttir.

Frá síðasta aðalfundi hefur stjórnin haldið 10 formlega fundi, þar af 1 með fulltrúum aðildarsveitarfélaganna, auk fjölda funda í minni hópum.

Verkefni stjórnar

Aðgerðir vegna móttöku á úrgangi

Eftir síðasta aðalfund SOS hélt stjórnin áfram að vinna að ýmsum verkefnum sem snéru að því að útvega úrræði fyrir afsetningu úrgangs af starfssvæði SOS. Þó hægt hafi gengið hefur ýmislegt samt þróast með jákvæðum hætti.

Í gildi voru samningar við Sorpurðun Vesturlands hf. og Norðurás bs. um takmarkaðar heimildir fyrir móttöku á úrgangi í Fíflholti og Stekkjavík sem runnu endanlega út á starfsárinu og hefur SOS ekki lengur sjálfstæðar leiðir þangað.

Í ljósi umræðna stjórnar SOS og aðildarsveitarfélaganna þróaðist umræðan og lausnirnar um afsetningu á úrgangi þannig að sveitarfélögin gerðu samninga við sín hirðingarfyrtæki um afsetningu á þeim úrgangi sem þau gætu unnið úr en SOS einbeitti sér hins vegar að leysa einstök vandamál varðandi ákveðna úrgangsflokka. Þeir flokkar hafa helst verið dýraleyfar, úrgangur úr fitugildrum og grófur úrgangur sem þarf að fara í urðun en raunin er samt sú að hirðingaraðilar hafa fundið lausnir á afsetningu á grófum úrgangi. Þó liggur inni beiðni frá SOS til Sorpu um móttöku á grófum úrgangi en málið hefur ekki farið lengra í bili.

Hirðingaraðilar hafa farið mismunandi leiðir þannig að ÍGF hefur verið m.a. í útflutningi á brennanlegum úrgangi til orkuendurvinnslu og endurvinnsluefnum en Terra notaði brennslu innanlands og fleiri aðferðir í sinni nálgun auk úflutnings á endurvinnsluefnum. Þess má þó geta að Terra sé nú líka komin í útflutning á brennanlegum úrgangi. Þessar aðferðir hafa gengið vel en ljóst að kostnaður við afsetninguna er drjúgur og íþyngjandi fyrir rekstur málaflokksins hjá sveitarfélögunum og fer trúlega vaxandi.

Úrvinnsla á tillögum í úrgangsmálum á starfssvæði SOS

Stjórn SOS endurnýjaði samning við Stefán Gíslason umhverfisstjórnarfræðing hjá UMÍS ehf. Environce um að vinna að ákveðnum verkefnum tengdum tillögum í úrgangsmálum en hann hefur verið ráðgjafi SOS síðustu ár. Hefur sú vinna nýst vel og fyrir utan að vinna að ákveðnum verkefnum í málaflokknum þá hefur Stefán verið tengiliður við urðunarstaðina, hirðingarfyrtækin og opinbera aðila.

Störf Stefáns hafa einkum snúið að samantekt upplýsinga um úrgangsmagn á svæðinu, greiningar á breytingum á laga- og reglugerðaumhverfi í úrgangsmálum, vinnu að aðgerðaráætlun SOS vegna vinnu við endurskoðun á Svæðisáætlun sorpsamlaganna á Suðvesturlandi auk rýningu á aðgerðaráætluninni sjálfri og síðan vinnu við að koma upp brennsluúræði vegna dýraleyfa á Strönd í samstarfi við Sorpstöð Rangárvallasýslu. Á aðalfundinum mun Stefán gera grein fyrir þeim verkefnum sem hann hefur komið að frá síðasta aðalfundi

Samráðsnefnd sorpsamlaganna á Suðvesturlandi

Samráðsnefnd sorpsamlaganna á Suðvesturlandi hefur haldið sjö fundi á tímabilinu sem fulltrúar SOS hafa setið, ýmist staðfundir eða fjarfundir. Stjórn SOS og ráðgjafi SOS lögðu mikla vinnu í aðgerðaráætlun SOS og rýningu svæðisáætlunarinnar sem nýttist mjög vel í þeirri vinnu. Vinna við endurskoðun á Svæðisáætlun fyrir Suðvesturland 2021-2032 er því á lokametrunum en það er verkfræðistofan Mannvit sem heldur utan um verkefnið. Næstu skref eru að setja áætlunina í auglýsingar-, kynningar- og samþykktarferli hjá sveitarfélögum en enn er stefnt að því að þeirri vinnu ljúki á árinu 2021.

Það hefur ekki orðið af frekari sameiningu sorpsamlaganna en samtalið hefur vaxið, samskiptin hafa batnað og ríkir gagnkvæmur skilningur á því að það þurfi að vinna saman í þessum málaflokki.

Stofnaður hefur verið sérstakur starfshópur á vegum sorpsamlaganna og Sambands íslenskra sveitarfélaga með stuðningi umhverfisráðuneytisins til að greina fýsileika þess að reisa hátækibrennslustöð á Íslandi. Stjórnarformaður SOS situr í fjögurra manna hópi sem stýrir þessari vinnu sem stefnt er að ljúki fyrir lok ársins. Mikið er lagt upp úr því að verkefnið verði opið hagsmunaaðilum og hafa verið haldnir nokkrir opnir fjarkynningarfundir um verkefnið.

Á starfsárinu kom aftur fram frumvarp frá Umhverfisráðherra um endurskoðun á lögum um meðhöndlun úrgangs o.fl. auk stefnu ráðherra í úrgangsmálum sem fóru í umsagnarferli. Hvoru tveggja var samþykkt í vor og hafa áhrif á hvernig úrgangsmálin þróast á næstu árum.

Stjórn SOS hefur lýst yfir eindregnum vilja til áframhaldandi samstarfs um að leita lausna í sorpmálum sveitarfélaganna til framtíðar og vinnum við áfram í þeim anda.

Leit að urðunarstað á Suðurlandi

Ekki hefur farið fram frekari vinna við leit að urðunarstað á Suðurlandi en í fyrri vinnu voru Kirkjuferjuháleiga, Strönd og Skógarsandur álitin svæði sem gætu nýst í framtíðinni

fyrir efnislosun, vinnslu eða geymslu á úrgangi. Ekki hefur verið unnið mikið með þessi mál í bili nema lítilega getið við gerð svæðisáætlunar en það er skoðun stjórnar SOS að það séu mikil verðmæti að eiga þessa möguleika í stöðunni.

Frágangur urðunarsvæðis í Kirkjuferjuhjáleigu

Í gildi er samningur við EFLU um mælingar og vöktun í Kirkjuferjuhjáleigu þannig að opinberum kröfum Umhverfisstofnunar vegna lokunarinnar sé sinnt. Hafa mælingar sýnt að þær mæta kröfum stofnunarinnar. Almennt lítur svæðið mjög vel út og er SOS til sóma en það mun kosta SOS talsverða fjármuni á hverju ári að viðhalda svæðinu og uppfylla kröfur í samræmi við samþykktu úrbótaáætlun svæðisins

SOS hefur viðhaldið starfsleyfi svæðisins en áfram er óvissa um það hvernig landsvæðið verður nýtt. Eins og áður hefur verið sagt þá er áhugi á að það nýtist í einhverjum mæli í tengslum við úrgangsmál og einnig hafa komið upp aðrar hugmyndir um nýtingu svæðisins sem eru í skoðun.

Orkugerðin ehf.

SOS á 34,1% hlut í kjötmjölsverksmiðju Orkugerðarinnar á móti sláturleyfishöfum og hefur reksturinn á liðnu starfsári gengið vel sem er afar ánægjulegt en verksmiðjan gegnir lykilhlutverki í meðhöndlun á ákveðnum tegundum af sláturhúsúrgangi. Vonandi rennir síðan tilraunasamningur við Sorpu um móttöku á sláturúrgangi enn frekari stöðum undir fyrirtækið. Reksturinn er því núna á góðum stað og fyrirtækið skilað hagnaði sem hefur verið notaður til fjárfestingar, bæði á húsnæði og búnaði, og ber að þakka stjórn og starfsfólki fyrir góð störf. Þá mun verksmiðjan leika lykilhlutverk ef áformað verður að banna urðun á lífrænum úrgangi og hefur SOS haldið uppi hlutverki og nafni Orkugerðarinnar í allri umræðu í þessu skyni.

Samningar SOS og SASS

Samningar voru endurnýjaðir við SASS um að vinna að ákveðnum verkefnum sem SOS þarf að halda utan um. Það samstarf hefur gengið vel og ljóst að á meðan starfssemi SOS er með þeim hætti sem hún er í dag er slík vinna fyrir SOS nauðsynleg. Hefur þetta hjálpað stjórn SOS mikið í sinni vinnu.

Brennsluofn á Stönd

Samþykkt var á síðasta og þarsíðasta aðalfundi sorpstöðvarinnar að SOS tæki þátt með Sorpstöð Ragnárvallarsýslu að útfæra brennslulausnir fyrir dýraleyfar á Strönd. Fyrirhugað var að gerður yrði samstarfssamningur og SOS myndi fjármagna verkefnið til helminga sem síðan yrði endurgreitt með tekjum verkefnisins. Verkið hefur tafist af ýmsum orsökum en við hönnun og útfærslur er ljóst að verkefnið er kostnaðarsamara en í upphafi var ætlað og verið er að vinna í heppilegum útfærslum. Ljóst er samt að áhugi er hjá sorpsamlaginu á Vesturlandi og jafnvel af höfðuðborgarsvæðinu að nýta sér þetta úrræði sem ætti að bæta rekstargrundvöllinn ef af verður. Þá hefur umræða um hátækni-brennslu á landsvísu líka aðeins haft áhrif á vinnu við verkefnið.

Samhliða þessu hefur verið umhverfismat í gangi og verið að vinna í framlengingu á tímabundnu leyfi til urðunar á lífrænum úrgangi á Strönd sem færi annars færi þar til brennslu. Ljóst er að leysa þarf þetta móttökuúræði en það mun verða kostnaðarsamt og mikilvægt að reyna að fá aðra opinbera aðila í þetta verkefni með okkur.

Lokaorð

Ljóst er að úrgangsmálin eru sífellt að verða stærra verkefni hjá sveitarfélögunum og aðgerða er þörf til að standa sig gagnvart umhverfinu, loftslagsmálum og einnig kostnaði við málaflokkinn. SOS hefur verið dugleg að fjárfesta til framtíðar til að leita lausna og einnig til að bregðast við aðkallandi aðstæðum og lagt í það verkefni bæði fjármuni og metnað.

Helstu verkefni á næstunni eru að klára sameiginlega svæðisáætlun fyrir sveitarfélögin á Suðvesturhorninu. Samhliða þessu verður SOS þátttakandi í vinnu við greiningu á því að koma upp hábrennslustöð fyrir úrgang á Íslandi og verður mjög spennandi að sjá hvað kemur upp úr þeim potti.

Þá þarf SOS að klára með Sorpstöð Rangárvallarsýslu að koma upp brennsluúrræði fyrir dýraleyfar á Strönd en sá úrgangsflokkur er stærsta vandamálið sem svæðið glímir við í afsetningu á úrgangi. Ljóst er að verkefnið er kostnaðarsamt en bráðnauðsynlegt og spennandi að taka þátt í að leysa það.

Einnig þarf að huga áfram að úrlausnum á afsetningu á úrgangi og síðan líta til endurskoðunar á samþykktum Sorpstöðvar Suðurlands bs. og er það verkefni í sameiginlegri vinnslu með SASS.

Staðan er því sú að nýrrar stjórnar bíða spennandi verkefni sem þarf að finna lausnir á ýmsu fyrir utan þá staðreynd að það eru sveitarstjórnarkosningar næsta vor en úrgangsmálin verða klárlega verkefni nýrra sveitarstjórna.